

**Sp. 485. Tillaga til þingsályktunar [304. mál]**  
um lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi.

Flm.: Salome Porkelsdóttir.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin hlutist til um að komið verði á fót lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi ásamt tilheyrandi búnaði og fjölgun í lögregluliði sýslumannsembættis Kjósarsýslu svo að unnt verði að þjóna Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi auk Mosfells-  
hrepps.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi var flutt á 105. löggjafarþingi en var þá eigi afgreidd. Hún er endurflutt nú óbreytt. Henni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Með ört vaxandi byggð og auknu þéttbýli hefur þörfin fyrir sérstaka lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi stóraukist á undanförnum árum. Íbúar Mosfellshrepps eru í dag liðlega 3300 og býr meiri hluti þeirra í þéttbýlinu við Varmá, en byggð í dreifbýli er einnig allnokkur. Þá ber að hafa í huga að í Kjalarnes- og Kjósarhreppi búa nú milli 500 og 600 manns, þannig að samanlagður íbúafjöldi þessara hreppa nálgast 4 þúsund.

Umferðarmál og slyshætta eru ein meginástæða fyrir brýnni þörf á virkri löggæslu á þessu svæði. Vesturlandsvegur liggur um þéttbýlasta hluta Mosfellshrepps og sker raunar byggðina í tvennt með þeim hætti, að samgangur milli hverfa er ógerlegur án umferðar yfir veginn. Opinber þjónusta, svo sem skólar, barnaheimili, íþróttasvæði o. fl., er öll staðsett öðrum megin vegarins, og sama gildir um verslanir. Af þessu leiðir að innansveitarumferð um og yfir Vesturlandsveg er mjög mikil, hvort heldur er um að ræða ökutæki eða gangandi vegfarendur, börn jafnt sem fullorðna. Þetta ástand hefur í för með sér mikla og vaxandi slyshættu eins og dæmin sanna, og ber brýna nauðsyn til að bæta þar úr.

Íbúar og sveitarstjórn Mosfellshrepps hafa vaxandi áhyggjur af þessu ástandi og telja að ein mikilvirkasta vörnin gegn umferðarslysum hvers konar á þessu svæði sé virk löggæsla á og við Vesturlandsveginn.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur ítrekað ályktað um þetta mál og leggur þunga áherslu á að löggæsla á þessu svæði verði eflað til muna, sbr. m. a. eftirfarandi bókun nefndarinnar frá 30. júní 1982:

„Vesturlandsvegur er í hópi fjölförnustu þjóðvega landsins, sérstaklega kaflinn frá Reykjavík og upp fyrir Mosfellshrepp. Eins og nú háttar liggur vegurinn um þéttbýli Mosfellshrepps, sem hefur í för með sér mikla umferð um og yfir veginn, ekki síst af börnum og unglingum, gangandi eða á hjólum.

Pungaflutningar um þennan veg eru eðlis hans vegna mjög miklir. Aðstæðum hagar þannig til við Brúarland, að þar liggur vegurinn í kvos, sem leiðir af sér mikinn umferðarhraða, sérstaklega stórra og þungra bifreiða. En það er einmitt við Brúarland, sem er fjölfarnasta gangbraut barna og unglunga yfir veginn þar sem þau fara í skóla eða til íþróttaiðkana að Varmá. Það dylst engum, sem til þekkja, sérstaklega í ljósi nýlegrar reynslu, að verði umferðarslys á þessum stað, er um líf að tefla.

Með hraðvaxandi byggð í Mosfellshreppi hefur ástand mála á Vesturlandsvegi orðið æ alvarlegra og er nú með öllu óþolandi að óbreyttu. Hreppsnefndin telur að til þess að bæta núverandi ástand sé brýnt að einkum tvennt komi til:

1. Stóraukin löggæsla við Vesturlandsveg í þéttbýli Mosfellshrepps.
2. Greinargóðar gangbrautarkerkingar ásamt þverlínnum til að draga úr hraða eða öðrum merkingum með sama tilgangi.

Hreppsnefndin telur brýnt að bætt verði úr þessum atriðum hið fyrsta og gerð með því tilraun til að skapa íbúum Mosfellshrepps þolanlegt ástand á Vesturlandsvegi uns varanleg lausn fæst á þessum vanda með færslu á veginum í samræmi við tillögur skipulagsyfirvalda. Hreppsnefndin telur, að sú framkvæmd þoli ekki bið úr þessu, og álitur eðlilegt að hún verði næsta stórverkefni í vegamálum í Reykjaneskjördæmi.“

Þá hafa hreppsnefndir Kjalarnes- og Kjósarhrepps ályktað um nauðsyn á eflðri löggæslu á svæðinu og bent á varðstöð í Mosfellshreppi í því sambandi.

Auk þess hefur margoft verið fjallað um málið á öðrum vettvangi, og nægir að minna á fjölmennan borgarafund sem haldinn var 2. desember 1982 um umferðarmál í Mosfellssveit, en þar var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

„Almennur borgarafundur, haldinn í Hlégarði, Mosfellssveit, 2. desember 1982, skorar á þingmenn kjördæmisins og yfirvöld í löggæslu- og vegamálum að vinna af öllum mætti að eftirfarandi . . . að komið verði upp svo fljótt sem verða má lögreglustöð í Mosfellssveit . . . að vinna með öllum ráðum að því, að Vesturlandsvegur, frá Höfðabakka upp að Þingvallavegi, verði lýstur upp með einfaldri lýsingu. Lýsing í þéttbýli hafi forgang . . . að gerðar verði ráðstafanir, sem duga til þess að lækka umferðarhraða, sem nú tíðkast, gegnum Mosfellssveit.“

Auk þeirrar sérstöku löggæslu, sem að framan greinir, er löngu orðið tímabært að efla til muna alhliða löggæslu í þéttbýlinu við Varmá sem og í hreppnum í heild.

Löggæslu í Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppi er í dag sinnt frá lögreglustöðinni í Hafnarfirði. Það er ljóst, að með núverandi mannafla og tækjakosti er mjög erfitt fyrir stöðina að sinna lágmarkspjónustu við Mosfellshrepp og upphreppana, hvað þá að nokkur möguleiki sé á virkri löggæslu, eins og brýna þörf ber þó til. Efling á lögregluliði Hafnarfjarðar og tækjakosti þess leysir þó ekki þetta mál, þar sem vegalengdir eru slíkar að svæðinu verður aldrei þjónað svo vel sé með útgerð mannafla frá Hafnarfirði né heldur frá t. d. lögreglustöðinni í Árbæ, sem stundum hefur verið nefnd sem möguleg lausn í þessu sambandi. Því er ljóst að til að tryggja virka löggæslu í Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppi þarf að koma á fót sérstakri lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi, sem hafi á að skipa nægjanlegum mannafla og tækjakosti til sólarhringsvaktar á þessu svæði. Þannig er unnt að veita íbúum þessara byggðarlaga þá alhliða löggæslu sem þörf er á og ekki verður veitt með núverandi fyrirkomulagi.